

Borgarráð 11. janúar 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stafræna vegferð Reykjavíkurborgar MSS24010106

Fulltrúi Flokks fólksins óskar skýringa á því af hverju Reykjavíkurborg hefur valið að vera að mestu einsömul á ferð í sinni stafrænu vegferð frekar en að vera í þéttu og nánu samstarfi við önnur sveitarfélög og ríki. Einnig er spurt hvort stafræn yfirvöld borgarinnar geri sér grein fyrir hversu miklu kostnaðarsamara það er að vera einn í þessari vegferð en í samvinnu við önnur sveitarfélög og ríkið. Það hefur orðið æ meira áberandi með tímanum að Reykjavíkurborg er ekki í neinu alvöru samstarfi við aðra og áhersla þjónustu- og nýsköpunarsviðs, snýst frekar um að vera áberandi á erlendri grund en innlendri eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins og fleiri horfa á málið. Skóla- og frístundasvið hefur sem dæmi setið á hakanum. Fram kemur í samantekt samstarfs sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu (liður 7 í embættisafgreiðslum fyrir fund borgarráðs 11.1. 2024) að Reykjavík hefur ekki verið í miklu samstarfi við önnur sveitarfélög eða ríki. Ný skýrsla Innri endurskoðunar renna stoðum undir einmitt þetta svo ekki verði um villst.